

Hættuleg efni: Þekktu þau - flokkaðu þau - hlífðu þér

Evrópskt vinnuverndaráttak 2010 – 2011.
Áhættumat vegna varasamra efna hjá
hreingerningarfyrirtækjum og bifreiðaverkstæðum



Áhættumat vegna varasamra efna

Átakið

Árin 2010 – 2011 er Vinnueftirlitið þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni um áhættumat vegna efna hjá hreingerningarfyrirtækjum og bifreiðaverkstæðum.

Markmiðið er að bæta vinnuumhverfi þessara starfsgreina og tryggja heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi. Tryggja að farið sé eftir lögum og reglum um varasöm efni til að minnka líkur á atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

Kynnt verður einföld og aðgengileg aðferð við gerð áhættumats vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

Í tengslum við átakið mun Vinnueftirlitið heimsækja fyrirtæki í þessum starfsgreinum. Einnig verður boðið upp á námskeið um gerð efnaáhættumats.

Efnaáhætta

Við daglega notkun varasamra efna á vinnustöðum gera starfsmenn sér oft ekki grein fyrir í hversu mikilli hættu þeir eru. Varúðarmerkt efni geta verið orsök ýmissa sjúkdóma sem hafa alvarlegar afleiðingar á heilsu manna eða í versta falli valdið dauða starfsmanna.

Leiðir varasamra efna inn í líkamann eru:

- við innöndun
- gegnum húð
- gegnum munn

Áhættan er háð því hvaða efni er notað, styrkleika efnisins, tímanum sem starfsmaður er í snertingu við efnið, og hvort notaðar eru nauðsynlegar persónuhlífar (t.d. hanskar, öndunargrímur og hlífðargleraugu).